



Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Bt. Páll S. Brynjarsson

Bjarnabraut 8

310 Borgarnesi

Akranes, 26. febrúar 2019

1901121 SFP/sas

### Umsögn um drög að Velferðarstefnu Vesturlands

Bæjarstjórn Akraness lýsir ánægju sinni með þau drög sem komin eru fram um Velferðarstefnu Vesturlands og þakkar þeim sem unnu að verkefninu fyrir afar faglegt starf.

Velferðarstefna Vesturlands inniheldur framtíðarsýn, markmið og tillögur að aðgerðum til að nálgast þau markmið sem sett eru fram í tengslum við heilbrigðisþjónustu, öldrunarþjónustu, félagsþjónustu og þjónustu við fatlaða einstaklinga, starfsendurhæfingu og forvarnir.

Bæjarstjórn Akraness leggur til að málefni fatlaðra séu í sér kafla og málefni barnaverndar og félagsþjónustu í öðrum kafla. Að mati bæjarstjórnar Akraness er mikilvægt að leggja áherslu á þessa málaflokka þar sem mikill þungi er í þeim innan sveitarfélaga.

Bæjarstjórn Akraness leggur til að Velferðarstefna Vesturlands verði notuð sem leiðarljós í endurgerð á Velferðarstefnu Akraness með það að markmiði að skýra þá framtíðarsýn sem Akraneskaupsstaður ætlar sér að standa fyrir í velferðar- og mannréttindamálum. Þar skal tekið á öllum þeim þáttum sem koma fram í drögum að Velferðarstefnu Vesturlands en auk þess skal leggja áherslu á málefni barna, barnaverndar og félagsþjónustunnar.

Bæjarstjórn Akraness felur velferðar- og mannréttindaráði að vinna drög að Velferðarstefnu Akraneskaupsstaðar og hana skal vinna í samráði við þá hagaðila sem sinna Velferðarþjónustu hér á Akranesi.

Bæjarstjórn Akraness vísar jafnframt til umsagnar stjórnar Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis sem barst Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi þann 11. febrúar sl.



Ályktun samþykkt á sameiginlegum fundi bæjarráðs og fagráða Akraneskaupsstaðar þann 14. febrúar 2019 og vísað til bæjarstjórnar Akraness.

Bára Daðadóttir

Bára Daðadóttir

Einar Brandsson

Einar Brandsson

Elsa Lára Arnardóttir

Elsa Lára Arnardóttir

Kristinn H. Sveinsson

Kristinn Hallur Sveinsson

Ólafur Adolfsson

Ólafur Adolfsson

Rakel Óskarsdóttir

Rakel Óskarsdóttir

Ragnar B. Sæmundsson

Ragnar B. Sæmundsson

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir

Valgarður L. Jónsson

Valgarður L. Jónsson

